

**1.fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps 2020-2021 haldinn í fjarfundi þann
29. Okt. 2020 kl. 17.**

Mættir: Nói Mar Jónsson, Una Bóel Jónsdóttir, Hjörný Karlsdóttir, Ásdís Benediktsdóttir, Birgir Valur Thorsteinsson, Valdís Una Guðmannsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fyrsti fundur nýskipaðs ungmennaráðs og því voru bæði aðal og varamenn boðaðir.
Ráðið er skipað eftirfarandi.

Aðalmenn:

Nói Mar Jónsson, skipaður af LÆ nefnd, Hjörný Karlsdóttir, skipuð af LÆ nefnd, Una Bóel Jónsdóttir, skipuð af LÆ nefnd, Valdís Una Guðmannsdóttir, skipuð af nemendaráði Flúðaskóla og Birgir Valur Thorsteinsson skipaður af Félagsmiðstöðinni Zero

Varamenn:

Helga Margrét Óskarsdóttir skipuð af LÆ nefnd, Ragnheiður Guðjónsdóttir skipuð af LÆ nefnd, Anna Katrín Víðisdóttir skipuð af Nemendaráði Flúðaskóla og Ásdís Mjöll Benediktsdóttir skipuð af Félagsmiðstöðinni Zero.

Dagskrá fundar.

- 1.Kynning á starfi ungmennaráðs og skipað í embætti.
- 2.Punktur til fjárhagsáætlunargerðar.
- 3.Önnur mál.

1. Kynning á starfi ungmennaráðs og skipað í embætti.

Halldóra og Nói Mar fóru yfir samþykktir ungmennaráðs, verkefni ungmennaráðs og hlutverk þess.

Samkvæmt samþykktum skipta fulltrúar með sér verkum á fyrsta fundi. Samþykkt að formaður ungmennaráðs Hrunamannahrepps verði Nói Mar Jónsson, varaformaður Valdís Una Guðmannsdóttir og ritari Una Bóel Jónsdóttir.

2. Punktur til fjárhagsáætlunargerðar.

Farið yfir hvað áætlað er í fjármagn fyrir ungmennaráðið til að starfa.

Samþykkt að halda annan fund í nóvember þar sem farið verður betur í að setja niður punkta varðandi það sem óskað verður eftir að sett verði fjármagn í á árinu 2021.

3. Önnur mál.

- Ýmis mál rædd er tengjast afþreyingu fyrir unglinga eftir skóla, verður unnið áfram í samstarfi við félagsmiðstöðina Zero.
- Samþykkt að kanna hvort hægt er að fá hingað jafningjafræðslu sem ungmennaráð Suðurlands bauð uppá í sumar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:50.